

Fréttatilkynning**IKEA innkallar RUSSIN & MANDEL, rúsínu- og möndlublöndu, vegna ófullnægjandi upplýsinga um hnetuinnihald**

IKEA vekur athygli viðskiptavina á að RUSSIN & MANDEL poka með rúsínu- og möndlublöndu, sem hafa verið til sölu í versluninni, geta innihaldið aðrar hnetur en gefið er upp í innihaldslýsingu. Öryggi er alltaf í forgangi hjá IKEA og því eru poka með ákveðnum merkingum innkallaðir.

Sumir poka af RUSSIN & MANDEL geta innihaldið hnetur eins og brasilíuhnetur, kasjúhnetur, valhnetur og heslihnetur, sem ekki eru gefnar upp í innihaldslýsingu.

Innköllunin nær til poka með eftirfarandi merkingum:

Síðasti söludagur: 06.04.2016

Framleiðslunúmer: 5 169

Skammtanúmer: L33573

Varan er örugg til neyslu fyrir þá sem ekki þjást af hnetuofnæmi eða -óþoli.

Viðskiptavinum sem eru með hnetuofnæmi eða hafa áhyggjur vegna þessa er velkomið að skila RUSSIN & MANDEL í IKEA og fá vöruna endurgreidda.

IKEA biðst velvirðingar á hvers kyns óþægindum sem þetta kann að valda.

Nánari upplýsingar má fá í versluninni og í þjónustuveri IKEA í síma 520 2500.